# Grunnlóðasamningur

Skjal nr.
Móttekið til þinglýsingar
09. nóv. 2011
Stimpilgjald kr. 60.-
Þingl. gjald kr. 2000

## Hrísmóar 1a

**Bæjarstjórn Norðurþings gjörir kunnugt** með bréfi þessu:

Samkvæmt fundarsamþykki bæjarstjórnar, dags. 25.10.2011 er **Orkuveitu Húsavíkur ehf. kt. 641195-2359** seld á leigu byggingarlóð, sem lýst er í tölulið 1.0. hér á eftir og meðfylgjandi uppdráttur sýnir, með eftirgreindum nánari skilmálum:

**1.0. Hið leigða:**
Hin leigða lóð er **317,9 m²** að flatarmáli eins og sýnt er á meðfylgjandi lóðarblaði. Lóðin er undir og umhverfis miðlunargeymi. Landnúmer lóðar er **220572.** Kvaðir eru á lóðinni í samræmi við samþykkt deiliskipulag af svæðinu. Jafnframt fellur úr gildi eldri samningur um þessa sömu lóð sem hluta af annarri lóð við Orkuveitu Húsavíkur ehf. dags.27.12.2005.

**1.1. Afnot hins leigða:**
Lóðin er seld á leigu til bygginga og hverskonar afnota annarra, í samræmi við aðal- og deiliskipulag Norðurþings, eins og um eign væri að ræða.

ÍSLAND STIMPILGJALD 09. 11. 11. Kr. 00060

**2.0. Kvaðir og fleira :**

**2.0.1.** Lóðarhafi er skyldugur til að hafa bifreiðastæði innan lóðarmarka samkvæmt samþykktum teikningum um lóðina, ákvæðum viðeigandi laga, reglugerða og skipulags.

**2.0.2.** Við gróðursetningu trjáa og runna sem og uppsetningu girðingar á lóð skal fara að fyrirmælum gildandi byggingarreglugerða og skipulags.

**2.0.3.** Skylt er leigutaka að leyfa lagningu holræsa, vatnsæða, raftauga, síma o.fl. þess háttar um leigulóðina án endurgjalds, en sé lóð eða mannvirkjum spillt með því, komi bætur fyrir eftir samkomulagi eða mati.

**2.0.4.** Leigutaki skal hafa byggt á lóðinni áður en eitt ár er liðið frá því honum var tilkynnt, að lóðin væri seld honum á leigu, ella fellur hún aftur til bæjarins endurgjaldslaust. Sama gildir ef leigutaki rífur niður hús á lóðinni eða þau brenna og er þá leiguréttur hans til lóðarinnar fallinn niður, hafi hann ekki byggt á lóðinni innan eins árs frá því að húsin brunnu eða voru rifin niður.

**3.0. Lóðargjöld:**
Leigutaki greiðir lóðargjöld til bæjarsjóðs af hinni leigðu lóð, samkvæmt ákvæðum gildandi laga og reglugerða, eins og hún væri ekki eign bæjarsjóðs.

**4.0. Lóðarleiga - gjalddagi leigu:**
Leigutaki skal greiða bæjarsjóði ársleigu af lóðinni samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar um lóðaleigu á hverjum tíma. Nú er lóðin ómetin og verður þá leiga eftir hana *kr. 100* á ári, uns fasteignamat gengur í gildi.

Gjalddagi leigunnar er sá sami og gjalddagi fasteignagjalda, í fyrsta sinn á árinu *2011.*
og er leigan tryggð með forgangsveðrétti í leiguréttindum leigutaka og húsum og mannvirkjum á lóðinni. Sé leigan ekki greidd á réttum gjalddaga, má til lúkningar henni gera fjárnám í leiguréttindum, húsum og mannvirkjum á lóðinni án dóms eða sáttar, skv. 15. gr. laga nr. 29/1885, eða selja veðið á opinberu uppboði án dóms, sáttar og aðfarar, samkv. 39. gr. laga nr. 95/1947.

**5.0. Skattar og opinber gjöld:**
Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld af lóðinni til hins opinbera, sem lagðir kunna að verða á leigulóðina sem gjaldstofn.

**6.0. Framsal leiguréttar - veðsetning - þinglýsing.**
Heimilt er leigutaka að selja eða veðsetja leigurétt sinn samkvæmt samningi þessum ásamt með húsum sínum og mannvirkjum á lóðinni.

Skylt er leigutaka að láta þinglesa þennan leigusamning á sinn kostnað, að öðrum kosti getur bæjarstjórn látið þinglesa hann á kostnað leigutaka.

**7.0. Leigutími:**
Með framanrituðum skilmálum er leigutaka leigð lóðin til ótakmarkaðs tíma svo lengi sem hann eða þeir, er í hans stað koma, fullnægja skyldum sínum samkvæmt samningum.

**8.0. Ágreiningsmál:**
Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Bæjarstjóri Norðurþings 9/11 2011

NORÐURÞING

______________________________

Samþykkur framanrituðum grunnlóðasamningi.

ORKUVEITA HÚSAVÍKUR

______________________________
(leigutaki)

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði útgefanda:

191154-5419
nafn/kennitala:

010968-5939
nafn/kennitala:

